



EINFALDAR ÖRYGGISLEIÐBEININGAR

DEPTACID ONE

Útgáfa 1.0 Dagsetning prentunar: 2024-09-20 (í samræmi við öryggisblað - Útgáfa : 7.0)

HÆTTUR



Hætta

Efni sem krefjast flokkunar vörunnar: 20% <= Saltpéturssýra < 26%
Hættusetning(ar): H290: Getur verið ætandi fyrir málma.
H314: Veldur alvarlegum bruna á húð og augnskaða.
H332: Hættulegt við innöndun.
EUH 071: Ætandi fyrir öndunarfærin.

PERSÓNUHLÍFAR



Hlífðarbúnaður fyrir hendur: Notið efnaþolna hanska með EN 374-vottun. Dæmi um æskileg efni í einangrandi hönskum: Bútylgúmmí. Nítríl. Neópren. Notið ekki PVA-hanska (pólývínýlalkóhól).

Augn-/andlitshlíf: Notið öryggisglæraugu eða andlitshlíf sem uppfyllir staðalinn EN ISO 16321-1.

Öndunarlíf: Við meðhöndlun sem leiðir til gufumyndunar skal nota hálfgrímu í samræmi við Evrópustaðalinn EN 140 eða heila grímu með síu í samræmi við Evrópustaðalinn EN 136 (í samræmi við Evrópustaðalinn EN 141 eða EN 14387) af gerð: B: Ólífrænar lofttegundir og gufur. E: gas og sýrugufur. NOx: köfnunarefnisgufur.

Hlífðarbúnaður fyrir húð/líkama: Klæðist stígvélum og efnaþolnum hlífðarfatnaði.

Sértækar hreinlætisráðstafanir: Öryggissturta og augnskol skulu vera staðsett nálægt vinnustöð. Að notkun lokinni skal þrifa allar persónuhlífar vandlega. Meðhöndlið í samræmi við góðar hreinlætisvenjur í iðnaði og öryggisleiðbeiningar.

Skyndihjál



Snerting við húð: Farið strax úr fótum sem hafa óhreinkast af efninu. Skolið tafarlaust með miklu vatni í minnst 15 mínútur. Hringið umsvifalaust í EITRUNARMÍÐSTÖÐ eða lækni.

Snerting við augu: Skolið án tafar með rólegri vatnsbunu í að minnsta kosti 15 mínútur, með augun galopin. Fjarlægjið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram. Hringið umsvifalaust í EITRUNARMÍÐSTÖÐ eða lækni.

Inntaka: Skolið munninn. EKKI framkalla uppköst. Leitið til sjúkráhus.

Innöndun: Færið viðkomandi í ferskt loft. Veitið öndunaraðstoð ef með þarf og leitið tafarlaust til læknis.

Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða:

Tiltekin áhætta: DEPTACID ONE er ekki eldfimt. Losun vetnis við snertingu við ákveðna málma (ál, sink, kopar...) er hinsvegar sprengifim.

Ráðlagðir slökkvimiðlar: Vatnsúði. Koltvísýringur (CO2).

Forðast skal eftirfarandi aðferð við slökkvistörf: Vatnsbuna með miklum þrýsting

Varnarbúnaður: Klæðist aðskildum öndunarbúnaði og hlífðarfatnaði. Safnið menguðu vatni frá slökkvistörfum sérstaklega; losið það ekki í niðurföll. Í eldsvoða skal viðhalda kælingu á ílátum með því að úða á þau vatni.

Neyðarsímanúmer 112 / 911

GEYMSLA / UMHVERFI / MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS

Geymsla: Má aðeins geyma í upprunalegum umbúðum. Geymist á hreinum, svölum og vel loftræstum stað fjarri hitagjöfum og mikilli birtu. Haldið ílátum lokuðum. Geymið fjarri vörum sem eru viðkvæmar fyrir sýrum.

Minni leki: Þvoið með miklu vatni.

Mikill leki: Afmarkið, þurrkið upp með hvarftregu íseygu efni og dælið í neyðargeymi. Aldrei skal setja efni sem lekið hefur niður í upphafleg ílát til endurnotkunar. Geymið í viðeigandi, rétt merktum og luktum ílátum til förgunar.

Meðhöndlun úrgangs: Ekki losa vöruna beint í fráveitu eða út í umhverfið.

Fylgið tilskipun 2008/98/EB með viðauka 19/11/2008, varðandi úrgang, og úrskurði 2000/532/EB (með áorðnum breytingum samkvæmt úrskurði 2014/955/EB) þar sem finna má skrá yfir hættulegan úrgang sem afhenda þarf á vottuðum móttökustað.